

Föstudaginn 30. nóvember 1956.

Nr. 67/1956. **Ákærvaldið** (Kristinn Gunnarsson hdl.)

gegn

**Kristni Sophusi Pálmasyni**

(Gústaf A. Sveinsson).

**Dómendur:**

hæstaréttardómarmarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús P. Toria-son prófessor.

Ákæra um manndráp af gáleysi.

### Dómur Hæstaréttar.

Ekki er vitað um aðra sjónarvotta að slysi því, sem í málinu greinir, en telpuna Sigrúnu Hjálmarsdóttur. Skorti hana rúman mánuð á 10 ára aldur, er slysið varð. Hún lýsti því þá þegar fyrir lögreglumönnum á slysstaðnum, að stýrishús bifreiðar þeirrar, sem slysinu olli, hefði verið blátt. Í prófum málsins hélt hún fast við þessa skýrslu sína. Leitt hefur verið í ljós, að hún hefur rétta litaskynjun. Þessi lýsing Sigrúnar kemur ekki heim við lit bifreiðar þeirrar, sem ákærði ók, R 1318, sem var með grænu stýrishúsi. Lýsing Sigrúnar á bifreiðarstjóra bifreiðar þeirrar, sem ók yfir börnin, er að vísu fábrotin, en ekki virðist hún geta átt við ákærða. Þegar þess er einnig gætt, að vitað er um aðrar vörubifreiðar, sem óku eftir Ásvallagötu um sama leyti og slysið varð, auk þess sem fleiri bifreiðar kunna að hafa verið þar á ferð en um er kunnugt, þá brestur sönnun fyrir því, að ákærði hafi orðið valdur að slysinu. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er að ýmsu leyti ábótavant. Taka hefði átt bifreið ákærða þegar í stað úr vörzlum hans til fullkominnar rannsóknar, en það var látið dragast þar til að kvöldi slysdagsins. Rannsókn annarra bifreiða, sem at-  
hygli beindist að við eftirgrennslan málsins, virðist og hafa

verið mjög áfátt. Þá var og ástæða til að kveðja fleiri menn vættis en gert var, m. a. fólk það, sem statt var í verzluninni á Ásvallagötu 19, er slysið varð, og kveðja hefði átt móður Sigrúnar Hjálmarsdóttur vættis um, hvað telpan sagði henni um slysið.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Kristins Gunnarssonar héraðsdómslögmanns og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00 til hvors.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 5. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1254/1956: Ákærvaldið gegn Kristni Sophusi Pálmasynti, sem dómtekið var 19. marz s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 15. ágúst 1955, gegn Kristni Sophusi Pálmasynti bifreiðarstjóra, Ásvallagötu 35, hér í bæ, fyrir að hafa laust fyrir klukkan tólf á hádegi þriðjudaginn 22. febrúar 1955 ekið vörubifreiðinni R 1318 snjókeðjulausri þrátt fyrir hálfu og án þess að sýna næga aðgæzlu suður Blómvallagötu og vestur Ásvallagötu hér í bæ með þeim afleiðingum, að tveir drengir, Magnús Már Héðinsson, fæddur 9. ágúst 1949, og Stefán Sigurður Hólm, fæddur 2. febrúar 1952, sem voru að leik með sleða sunnan megin Ásvallagötu rétt vestan við mót Blómvallagötu, urðu fyrir bifreiðinni eða undir hjólum hennar og hlutu svo mikla áverka af, að þeir létust. Þykir ákærði með þessum akstri sínum hafa með gáleysi orðið drengjunum að bana.

Teljast brot hans varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. september 1897 á Ísafirði.

Á árunum 1923 til 1955 hefur hann níu sinnum verið sektaður frá 5.00 kr. til 200.00 kr. fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur o. fl.

Málavextir eru þessir:

Priðjudaginn 22. febrúar 1955, kl. um 11.57, var lögreglunni hér í bæ tilkynnt, að umferðarslys hefði orðið á Ásvallagötu á mótis við húsið nr. 19, en það stendur við gatnamót nefndrar götu og Blómvallagötu. Er lögreglan kom á staðinn, var verið að fara með tvo unga drengi, þá Stefán Sigurð Hólm, Ásvallagötu 27, 3 ára að aldri, og Magnús Mát Hédinsson, Hringbraut 56, 5 ára að aldri, í sjúkrabifreið á Landsspítalann.

Bifreið sú, sem ekið hafði yfir drengina, þar sem þeir voru á svokölluðum magasleða við gangstéttarbrún Ásvallagötu að sunnan, var farin á brott. Enginn, sem viðstaddur var á slystaðnum, gat gefið upplýsingar um tildrög slyssins, nema lítill stúlka, Sigrún Hjálmarsdóttir, Sólvallagötu 18. Hélt hún, að bifreiðin, sem var vörubifreið með blátt stýrishús, hefði komið norðan Blómvallagötu og verið beygt vestur Ásvallagötu og ekið yfir drengina, þar sem þeir sátu á sleðanum rétt vestan við gatnamótin. Bifreiðinni var ekið stanzlaust áfram vestur Ásvallagötu. Lögreglumennirnir fóru í nærliggjandi hús í leit að vitnum að slysinu, en það bar engan árangur. Vissi enginn neitt um tildrög slyssins. Mikið blóð var á götunni og í því hvítar flyksur, sem voru úr heila annars drengsins. Var lögreglunni tilkynnt skömmu síðar, að báðir drengirnir hefðu verið látinir, er komið var með þá á spítalann.

Enginn hjólför var hægt að greina í götunni á slystaðnum samkvæmt frásögn lögreglunnar. Komu ekki fram hjólför, fyrr en ljósmynd hafði verið tekin. Lágu þau yfir sleðann. Nánar um þetta atriði var ekkert hægt að segja. Sleðinn, er drengirnir höfðu verið á, var á syðri jaðri Ásvallagötu rétt við gangstéttarbrún um tvo metra frá gatnamótunum. Var hann allur mölbrotinn. Skammt frá sleðanum var blóðpollur í götunni. Ekkert varð ráðið af ummerkjum á slystaðnum, um hvaða eða hvers konar bifreið hefði verið að ræða. Er slysið varð, var veður bjart, en blautur snjór var á götunni, sem er malbikuð. Kveður Sverrir Guðmundsson lögregluþjónn, að ísing og nokkur hálka hafi verið þarna á götunni, en eitthvað hafi verið farið að þiðna, sennilega

vegna sólar, og færð verið orðið eins og slabbkennt á stöku stað.

Rannsóknarlögreglan hóf nú rannsókn í málinu og tók að leita að bifreiðinni, sem ekið hafði verið yfir drengina. Enginn sjónarvottur fannst að slysinu, nema Sigrún sú, er að framan greinir. Hélt hún því fram, að hús vörubifreiðarinnar hefði verið blátt að lit, eins og áður greinir, og beindist því rannsóknin einkum að vörubifreiðum með blá hús.

Athygli lögreglunnar beindist þó að bifreiðinni R 1318, er stóð við húsið nr. 35 við Ásvallagötu sunnan megin götunnar og sneri í vestur. Bifreið þessi er vörubifreið, dökkgræn að lit með stýri hægra megin. Bifreiðin er með tvöföldum afturhjólum. Hún er af árgangi 1946 og af „Studebaker“ gerð. Var bifreið þessi skoðuð, en þó ekki nákvæmlega fyrr en daginn eftir. Fannst þá hár undir gangbretti vinstra megin á bifreiðinni. Sú rannsókn bar ekki annan árangur en þann, að hárið hefði getað verið af Magnúsi Má, án þess þó að nokkuð væri hægt að fullyrða um það. Voru líkurnar til þess, að hárið væri af höfði hans ekki nógu margar né veigamiklar til þess, að teljandi væri upp úr þeim leggjandi. Ekki fannst annað við rannsóknina, er benti til þess, að bifreiðinni hefði verið ekið yfir drengina. Var náð í öikumann hennar, ákærða í máli þessu, Kristinn Sophus, og var hann spurður um ferðir sínar. Skýrði ákærði frá því, að hann hefði komið norður Blómvallagötu og beygt til vinstri vestur Ásvallagötu. Ákærði var nú tekinn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Skýrði hann frá því, að hann hefði skömmu fyrir hádegi umræddan dag ekið bifreið sinni heim til sín frá lögreglustöðinni. Ók hann um eftirtaldir götur: Hafnarstræti, Tryggvagötu, Grófina, Vesturgötu, Garðastræti, Sólvallagötu, Blómvallagötu og beygði til hægri vestur Ásvallagötu og staðnæmdist við húsið nr. 35, þar sem hann á heima. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa séð nein börn á leið sinni vestur Ásvallagötu. Hann kvaðst minnst þess að hafa litið á dyrnar á verzlun Péturs Kristjánssonar, sem er á horninu á Ásvallagötu og Blómvallagötu, er hann beygði inn í Ásvallagötu, en ekki orðið var við nein börn né aðra vegfarendur þar. Hann hélt, að hann hefði tekið venjulega beygju þarna, hvorki víða né krappa. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neina ójöfnu á götunni, sem hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir, heyrði ekkert hljóð né varð þess var, að neitt kæmi fyrir. Hann stöðvaði svo á móts við húsið heima hjá sér og fór inn til sín í mat. Er hann var langt kominn að borða, heyrði hann í sírenu sjúkrabifreiðarinnar. Kom þá inn telpa og sagði frá slysinu. Gekk ákærði þá út, og átti þá lögreglan tal við hann. Ákærði skýrði lögreglunni frá því, hvenær

hann hefði ekið um gatnamótin. Hélt hann það hafa verið um korter fyrir kl. 12.00. Ákærði kvað enga umferð hafa verið um gatnamótin. Hann var einn í bifreið sinni, og sólin var honum ekki til óþæginda. Kvað ákærði götuna hafa verið slétta, svo að hann hefði átt að hafa orðið var við það, ef hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir eitthvað. Hann hafði óskipta athygli við aksturinn, og ekkert á götunni eða utan hennar beindi athygli ákærða frá veginum framundan. Frekar kvaðst ákærði ekkert geta um þetta mál sagt, en taldi rétt að skýra frá því, hvenær hann hefði ekið þarna um. Að kvöldi sama dags var ákærði kvaddur aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Kvaðst hann hafa verið að hugsa um það, síðan hann gaf framangreinda skýrslu sína, að koma til rannsóknarlögreglunnar og gefa frekari upplýsingar í máli þessu. Hann skýrði nú frá því, að hann hafi verið á ferð um gatnamótin um það bil 10 mínútum fyrir kl. 12.00 um daginn. Er hann tók beygjuna inn á Ásvallagötu, kvað hann beygjuna hafa orðið of víða, þannig að hann lenti, að hann taldi, upp á syðri gangstéttinni fyrir framan verzlun Péturs Kristjánssonar, sem er í húsinu nr. 19. Ákærði kvaðst hafa fundið, að afturhjólin á bifreið hans vinstra megin lentu á ójöfnu, en hann taldi, að hann hefði ekið upp á gangstéttina, og ók hann því áfram án þess að athuga þetta nánar. Kvað hann sér þykja sterkar líkur til þess, að hann hefði orðið valdur að slysinu. Var nú ákærði kvaddur fyrir dóm, og gaf hann þar skýrslu. Skýrði hann nú svo frá, að klukkan hafi verið nálægt 11.30, er hann var á lögreglustöðinni. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni, er hann hafði lagt í Tryggvagötu, vestur þá götu og numið staðar 1—2 mínútur á benzínstöð B.P. í götunni. Þessu næst ók ákærði Grófina, Vesturgötu, Garðastræti, Sólvallagötu, Blómvallagötu og beygði til hægri vestur Ásvallagötu. Ákærði kvað beygjuna hafa orðið of víða hjá sér, og lenti hann með bifreiðina mjög nálægt syðri gangstétt. Fann hann, að vinstra afturhjóla bifreiðarinnar fór yfir einhverja ójöfnu. Áleit ákærði það vera gangstéttarbrúnina. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við nein börn þarna við gatnamótin. Ákærði ók nú rakleitt heim til sín. Hann áleit, að hann hefði ekið um margnefnd gatnamót kl. 11.50, án þess þó að geta sagt mjög náíð um tímann. Er ákærði hafði heyrt um slysið, kvað hann sér strax hafa dottið í hug ójafnan, sem hann ók yfir við hornið. Hélt hann því á slysstaðinn. Kvaðst ákærði hafa gefið sig strax fram við lögregluna og skýrt henni frá því, að hann hefði skömmu áður ekið um gatnamótin. Ákærði kvaðst hafa farið að velta þessu fyrir sér og brotið heilann um þetta allan daginn. Þótti

ákærða að öllu athuguðu sterkar líkur benda til þess, að hann hefði orðið valdur að slysinu. Kvaðst ákærði byggja það á því, að honum fannst hann fara yfir einhverja ójöfnu, er hann ók um slystaðinn, og að hann tók beygjuna of víða. Mætti vera, að bifreiðin hefði runnið til í beygjunni, en hann tók þó skýrt fram, að hann hefði ekki orðið var við, að bifreiðin rynni óeðlilega til. Ákærði varð ekki var við neinar mannaferðir þarna á gatnamótunum, hvorki varð hann var við börn né fullorðið fólk. Frekar gat ákærði ekki skýrt frá. Síðar í málinu var lagt fram vottorð frá Gunnari Benjamínssyni lækni um geðheilbrigði ákærða eftir slysið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að ákærði hefði á tímabilinu 23/2 1955 til 5/4 1955 verið í djúpu þunglyndi (*depressio mentis psych. m. gr.*), og væri ekki útilokað að mega álykta, að framburður hans á þessu tímabili hefði verið „ósakbær“ (irresponsibel), enda hafi hér verið um geðveiki (*psychosis*) að ræða. Greinargerð Gunnars Benjamínssonar var send Læknaráði til umsagnar. Ályktun þess var á þá leið, að þar sem algengt væri, að þunglyndir menn ásökuðu sig frekar en afsökuðu og drægju ekki úr ávirðingum sínum eða óhöppum, þá féllist það á, að niðurstaða Gunnars Benjamínssonar gæti átt við rök að styðjast.

Vitnið Sigrún Hjálmarsdóttir, fædd 25. marz 1945, er að framman greinir, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt á horni Blómvallagötu og Ásvallagötu, er framangreint slys varð. Vitnið kvaðst hafa séð, er vörubifreið með bláu húsi kom niður Blómvallagötu frá norðri og beygði inn í Ásvallagötu til vesturs. Vitnið kvaðst hvorki vita né muna, hvað klukkan var, er þetta gerðist. Vitnið kvað tvö börn hafa setið á sleða hinum megin á horninu, á akbrautinni, en rétt við gangstéttina. Vitnið kvað vörubifreiðinni, sem það getur alls ekki lýst nánar og ekkert sagt um skásetningarmarki á, hafa nú verið beygt. Bifreiðinni var alls ekki ekið hart og ekki heldur hægt. Vitnið kvað hjólið á bifreiðinni hafa farið yfir sleðann, og börnin orðið fyrir. Vitninu sýndist einnig framhjólíð fara yfir börnin. Vitninu varð svo mikið um þetta, að það tók fyrir augun. Vitnið sá svo bifreiðinni ekið áfram vestur götuna, og virtist því henni ekið þá hraðar en þegar hún var í beygjunni. Vitnið sá ekki, að bifreiðarstjórinn tæki neitt eftir slysinu. Sá vitnið honum ekkert bregða. Hann leit beint áfram, svo lengi sem vitnið sá til. Vitnið sá bifreiðarstjóran ekki greinilega, en eftir því sem það man bezt, var hann frekar unglegur, berhöfðaður og í einhvers konar vinnufötum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt fullorðið fólk né heldur börn þarna nálægt, sem

mundu hafa séð, er slysið varð. Vitninu fannst vörubifreiðin, sem ók þarna á börnin, vera frekar stór og nýleg bifreið. Heldur það, að bifreiðin hafi verið með hliðarskjólborðum. Ekkert var á palli bifreiðarinnar, og hann var frekar hreinn. Vitnið sá vörubifreiðina hverfa vestur götuna, en hljóp þá strax heim til sín. Sagði vitnið móður sinni frá þessu. Örskömmu síðar kom vitnið aftur á staðinn, en þá hafði það heyrt í sjúkrabifreið. Er á staðinn kom, var verið að taka börnin upp í sjúkrabifreið, og var það þá, sem lögreglumaður talaði við vitnið. Vitnið hefur í síðari yfirheyrslu haldið stöðugt við það, að litur bifreiðarinnar, sem ók á börnin, hafi verið dökkblár og ekkert hvíkað í þeirri skoðun sinni. Vitnið sá bifreiðina R 1318 og bifreiðarnar R 2644 og R 6710, en tvær þær síðastnefndu eru dökkbláar að lit. Var það spurt um það, hver af bifreiðunum því myndist líkust þeirri, sem hefði ekið á börnin, benti vitnið helst á bifreiðina R 2644. Vitnið tók ekki eftir því, hvort bifreiðin, sem ók á börnin, nam staðar á Ásvallagötu nokkurn spöl frá slysstaðnum eða hún hélt áfram, en rétt eftir að börnin urðu fyrir bifreiðinni, var hraði hennar aukinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð aðra vörubifreið um það leyti, sem slysið varð eða rétt eftir það. Vitnið kvaðst hafa séð, er fætur barnanna fóru einhvern veginn upp í loft, er bifreiðin ók yfir þau.

Dr. phil. Símon Jóh. Ágústsson greindarprófaði og athugaði sálfræðilega Sigrúnu Hjálmarsdóttur, er að framan greinir. Kvað hann eftirtekt og minni hennar svara nokkurn veginn til almenningar greindar og mætti telja í góðu meðallagi. Litaskynjun hennar og nefning lita virtust vera fyllilega í meðallagi. Hún var örugg í greiningu allra aðallita og greindi helst og algengustu tegundir millilita og nefndi réttum nöfnum. Ekki kom í ljós neinn vottur litblindu. Dr. Símon Jóh. Ágústsson benti á, að litaminni væri yfirleitt talsvert óáreiðanlegt, þótt það sé mjög misjafnt. Litaminni Sigrúnar gat hann ekki prófað, nema að litlu leyti, en athuganir bentu til þess, að það víki ekki langt frá meðallagi, væri hvorki frábærlega gott né frábærlega lélegt.

Vitnið Gísli Johnsen Ástþórsson blaðamaður, Sandgerði A við Kaplaskjólsvæg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið heim til sín frá vinnustað, sem er Steindórsprent við Tjarnargötu, er framangreint slys varð. Er vitnið kom út úr húsinu, heyrði það, að klukkan á turni dómkirkjunnar sló 11.45. Vitnið gekk, svo sem leið liggur, Suðurgötu, Kirkjugarðsstíg, Sólvallagötu og af henni niður á Blómvallagötu. Vitnið sá ekki til ferða neinnar bifreiðar suður eða niður Blómvallagötu. Vitnið gekk fyrst á eystri

gangstétt Blómvallagötu, fór síðan yfir götuna og frá horni Blómvallagötu og Ásvallagötu og þar út á Ásvallagötuna og stefndi heldur til vesturs. Vitnið var komið örfá skref út í götuna, er stúlkubarn, sem þá var á miðri götunni, kallaði í það og sagði „Sjáðu“. Um leið sá vitnið dreng liggja við syðri gangstétt Ásvallagötu rétt vestan gatnamótanna. Hann lá á bakinu og sneri höfði að gangstéttinni, en fætur út á götuna aðeins til austurs. Vitnið áleit fyrst, að drengurinn væri þarna að leik, en er það kom nær, sá það, að höfuð hans var alblöðugt hægra megin. Beið þá vitnið ekki boðanna, en hljóp inn í búðina þarna á horninu og bað um, að hringt yrði á sjúkrafreið. Vitnið fór fljótt út aftur og breiddi úlpu sína yfir dreng þenna, en sá þá annan dreng nokkru yngri liggja á grúfu um 1—1½ metra vestar, en höfuð hans var einnig ofan í rennusteininum. Allir í verzluninni urðu skelfingu lostnir, en enginn þeirra hafði orðið var við slysið. Vitnið hljóp strax eftir þetta niður á Elliheimili til að ná í lækni, en enginn læknir var þar viðstaddur. Er vitnið kom aftur á staðinn, var klukka þess 11.53, en vitnið hafði sett hana eftir dómkirkjuklukkunni, skömmu áður en það fór af vinnustað. Broti úr mínútu eftir að vitnið kom á slysstaðinn, komu sjúkrafreið og lögreglubifreið. Vitnið sá enga bifreið í grennd við slysstaðinn, sem líklegt væri, að hefði ekið yfir drengina.

Bifreiðastjórar, sem eiga bláar vörubifreiðar og búa þarna í grenndinni, voru yfirheyrðir í máli þessu. Í ljós kom, að Friðrik Jónsson, Ásvallagötu 24, sem á vörubifreiðina R 2644, sem er blá að lit, hafði ekið um margnefnd gatnamót rétt fyrir hádegi dag þann, sem slysið varð. Kvaðst hann ekki hafa veitt neinu sérstöku athygli, er hann tók beygjuna af Blómvallagötu vestur Ásvallagötu. Börn kvaðst hann ekki hafa séð á gatnamótunum og varð ekki var við, að hann æki yfir neina ójöfnu. Yfirleitt kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt, er benti til þess, að slys hefði orðið.

Vitnið Skúli Björn Ólafs, 15 ára að aldri, til heimilis að Ásvallagötu 24, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið heim til sín á hjálparmótorhjóli laust fyrir klukkan 12 daginn, sem slysið varð. Vitnið hjólaði af Sólvallagötu á Blómvallagötu og síðan vestur Ásvallagötu. Er vitnið beygði af Blómvallagötu, sá það tvo smádrengi, er lágu í götunni sunnanmegin rétt vestan við gatnamótin. Vitnið sá ekki, að þeir hreyfðu sig. Hélt vitnið, að þeir væru að leik þarna, og hjólaði áfram. Er vitnið var komið á móts við húsið nr. 20, stöðvaði það. Fór það að fá eftirþanka af því, að drengir þessir hefðu legið einkennilega hreyfingarlausir.

Ákvað vitnið að snúa við og huga að þeim betur. Þegar vitnið kom aftur þarna að, var maður að breiða úlpu yfir annan drenginn. Var þá komið fleira fólk að. Vitnið kvað manninn, er að framan greinir, hafa farið inn í búðina, en vitnið var þá að nálgast staðinn á hjóli sínu. Er vitnið var komið að, sá það, að vörubifreiðinni R 2644 var ekið niður Blómvallagötu og beygt vestur Ásvallagötu. Vitnið kannast vel við ökumann bifreiðarinnar R 2644, Friðrik Jónsson, er býr í sama húsi og það. Virtist Friðrik ekki taka neitt eftir því, sem gerzt hafði, og ók áfram vestur. Kvaðst vitnið hafa undrazt það nokkuð. Þenna framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði. Nokkrir fleiri menn hafa verið yfirheyrðir í sambandi við slysið, en engar veigamiklar upplýsingar hafa komið fram, framar en nú hefur verið rakið.

Ákærði, Kristinn Sophus, hafði mjög litla sjón á hægri auga, er slysið varð. Hafði blætt inn á glervökvann í auganu, og var sjónin á því tæplega 6/60 partar sjónar. Er maður með slíka sjón ratfær og sér illa smærri hluti, en getur aðeins unnið grófustu vinnu. Framkvæmdi Úlfar Þórðarson sjónmælingu á ákærða um miðjan febrúar 1955. Þann 4. marz eftir slysið framkvæmdi Bergsveinn Ólafsson augnlæknir augnskoðun á ákærða. Við þá skoðun kom í ljós, að sjón án glerja var á hægri auga ákærða þannig, að hann gat talið fingur í 1 metra fjarlægð. Með gleraugum var sjónin sú sama, en ákærði kvaðst oftast nota gleraugu. Á vinstra auga var sjónin 5/15 án glerja og með gleraugum 5/5 ÷ 1 staf (það er tæplega 5/5). Taldi Bergsveinn, að ákærði hefði nálægt 1/60 hluta fullrar sjónar á hægri auga. Bergsveinn kvað ákærða ekki hafa verið færan til bifreiðaaksturs á þeim tíma, sem hann framkvæmdi skoðunina, þegar af þeirri ástæðu að svo stutt er síðan hann missti sjónina á hægri auganu. Það var í janúar 1955 samkvæmt frásögn Úlfars Þórðarsonar læknis. Áleit Bergsveinn, að a. m. k. 6 mánuðir þyrftu að líða, frá því að maður missti sjón á öðru auga, þar til hann teldist hæfur til að aka bifreið.

Við krufningu á líki Stefáns Sigurðar Hólms kom í ljós mikið brot á höfuðkúpu, og mikill hluti heilans var sundurtættur, einkum að aftan og neðanverðu. Er sýnilegt, að barnið hefur hlotið bana samstundis, sennilega vegna þess að bílhjólið hefur ekið yfir höfuð þess, segir í ályktuninni um krufninguna.

Í ályktun um krufningu á líki Magnúsar Más Héðinssonar segir: Við krufningu fundust allmikil hrufli í andliti og á hálsi, og innvortis fannst lifrin sundurtætt á parti og einnig hægri lunga. Öll rif voru brotin hægri megin og upp við hrygg frá 4.

rifi og niður úr og mikið mar meðfram öllum hryggnum vinstra megin í brjóstholinu. Þá fannst einnig mikið mar vinstra megin á hálsinum innan um vöðvana meðfram stóru æðunum. Engin áberandi meiðsli fundust á heila eða kúpubeinum. Á lungunum sáust merki um, að drengurinn hefði andað að sér dálitlu blóði. Af því, sem við krufninguna fannst, virðist mega ráða, að drengurinn hafi dáið fljótlega af miklum áverka á brjóstkassann og kviðarholið, þannig að fjöldi rifja er brotinn, og sum háfa stungizt inn í lungað hægra megin og mikið mar meðfram hryggnum vinstra megin. Enn fremur var vinstra lærbein brotið. Þessar skemmdir hafa fljótt leitt barnið til dauða.

Mjög sterkar líkur þykja framkomnar fyrir því, að ákærði hafi orðið valdur að slysi því, sem að framan hefur verið getið. Er þá fyrst framburður hans sjálfs um að hafa verið á ferð um gatnamótin á þeim tíma, sem slysið verður, og að hann finnur vinstra afturhjólfara fara yfir eitthvað, er hann kemur inn í Ásvallagötu. Þá styrkir sá framburður vitnisins Sigrúnar þessa skoðun, að hún kvað hafa verið um vörubifreið að ræða með tvöföldum hjólum, sem var ekið sömu leið og ákærði ók.

Þeim framburði Sigrúnar Hjálmarsdóttur, sem þó þykir verða að taka með mikilli varúð, að bifreiðin, sem ók yfir börnin, hafi verið blá, verður ekki hægt að ganga framhjá, og með því að ekki er óhugsandi, að önnur bifreið hafi verið á ferð um svipað leyti og bifreið ákærða um gatnamótin, þykir varhugavert að telja fullsannað, að hann hafi orðið valdur að slysinu. Enn fremur þykir ekki nægilega sannað, að nauðsyn hafi verið að hafa snjókeðjur á bifreiðum á götum bæjarins sakir hálfu dag þann, sem slysið varð.

Ber því að sýkna ákærða af ákærinni í máli þessu og dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hdl., og skipaðs verjanda, Jóns P. Emils hdl., kr. 2000.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Sophus Pálmason, á að vera sýkn af ákærinni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hdl., og skipaðs verjanda, Jóns P. Emils hdl., kr. 2000.00 til hvors.